

REGLUGERÐ

um (23.) breytingu á reglugerð nr. 560/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.

1. gr.

Við 1. gr. bætast tveir nýir töluliðir, 61. og 62. tölul., svohljóðandi:

61. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2083 frá 14. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Japan í skránni yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu.
62. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/24 frá 13. janúar 2021 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Breska konungsríkið í skránni yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavöru í tengslum við alvarlega fuglainflúensu.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2083 er birt sem fylgiskjal 1 við reglugerð þessa og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/24 er birt sem fylgiskjal 2 við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breyttingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. febrúar 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Nr. 152

11. febrúar 2021

Fylgiskjal 1.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2083

frá 14. desember 2020

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Japan í skránni yfir þriðju lönd, yfrráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið á tilteknunum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis⁽¹⁾, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar), 8. gr. (4. liður) og 9. gr. (4. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum⁽²⁾, einkum 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftinfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008⁽³⁾ er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings gegnum það, þ.m.t. geymslu á meðan á umflutningi stendur, á alifuglum og alifuglaafurðum (hér á eftir nefndar vörurnar). Þar er kveðið á um að vörurnar megi einungis flytja inn til Sambandsins og umflutja gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfrráðasvæðum, svæðum eða hólfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka við hana.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 798/2008 er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að þriðja land, yfrráðasvæði, svæði eða hólf geti talist laust við alvarlega fuglainflúensu (HPAI).
- 3) Japan er skráð í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 sem þriðja land þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur gegnum það á tilteknunum alifuglavörum er leyfður frá öllu yfrráðasvæði þess.
- 4) Hinn 5. nóvember 2020 staðfesti Japan að alvarleg fuglainflúensa af undirgerð H5 væri fyrir hendi á alifuglabúi á yfrráðasvæði landsins. Vegna þessarar staðfestu uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu er ekki lengur hægt að líta svo á að yfrráðasvæði Japans sé laust við sjúkdómiinn og heilbrigðisýfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í Japan geta því ekki lengur vottað sendingar af kjöti af alifuglum til manneldis sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins eða umflutnings um Sambandið.
- 5) Því aetti að breyta færslunni fyrir Japan í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til að taka tillit til faraldsfræðilegra aðstæðna í þessu þriðja landi.
- 6) Því aetti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.

Ursula VON DER LEYEN

(¹) Stjóð. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(²) Stjóð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

(³) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfrráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjóð. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

Nr. 152

11. febrúar 2021

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir Japan í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 kemur eftirfarandi:

ISO-kóði og heiti þrója lands eða yfirláða- svæðis	Kóði þrója lands, yfir- ráðasvæðis, svæðis eða hólfs	Lýsing á þrója landi, yfírráða- svæði, svæði eða hólfi	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýrafurðir		Sérstök skilyrði	Sérstök skilyrði		Staða eftirlits vegna fugla- inflúensu	Bólusetn- ingarástaða vegna fugla- inflúensu	Staða varna gegn salmonellu (°)
			Fyrir- mynd(ir)	Viðbótar- ábyrgðir		Loka- dagsetning (¹)	Upphaf- dagsetning (²)			
1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
„JP – Japan	JP-0	Landið allt	EP, E							
			POU		P2	5.11.2020**				

Fylgiskjal 2.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/24**

frá 13. janúar 2021

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Breska konungsríkið í skránni yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknunum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis⁽¹⁾, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr.), 8. gr. (4. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum⁽²⁾, einkum 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (2. mgr.) og 25. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftinfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008⁽³⁾ er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings gegnum það, þ.m.t. geymslu á meðan á umflutningi stendur, á alifuglum og alifuglaafurðum (hér á eftir nefndar vörurnar). Þar er kveðið á um að vörurnar megi einungis flytja inn til Sambandsins og umflutnings gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfírráðasvæðum, svæðum eða hólfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka við hana.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 798/2008 er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að þriðja land, yfírráðasvæði, svæði eða hólf geti talist laust við alvarlega fuglainflúensu (HPAI).
- 3) Breska konungsríkið er skráð í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 sem þriðja land þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknunum alifuglavörum er leyfður frá tilteknun hlutum yfírráðasvæðis þess, háð því hvort alvarleg fuglainflúensa sé fyrir hendi. Svæðaskipting Breska konungsríkisins var sett fram í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2205⁽⁴⁾.
- 4) Breska konungsríkið staðfesti hins vegar frekari uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu af undirgerðum H5N8 og H5N1 á alifuglabúum á yfírráðasvæði sinu í desember 2020. Vegna þessara uppkoma var frekari svæðaskipting landsins sett fram í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1742⁽⁵⁾, eins og henni var breytt með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/2240⁽⁶⁾ og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2242⁽⁷⁾ í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (útgöngusamningurinn), með fyrirvara um beitingu laga Sambandsins um og innan Breska konungsríkisins að því er varðar Norður-Írland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bökunarinnar um Írland/Norður-Írland við útgöngusamninginn, í tengslum við 2. viðauka við þá bökun. Þar eð ráðstafanir til að verjast þessum uppkomum og útrýma þeim halda áfram eftir 31. desember 2020 aðtti þessi svæðaskipting að endurspeglast í reglugerð (EB) nr. 798/2008.
- 5) Eftir birtingu framkvæmdarákvárðana (ESB) 2020/2240 og (ESB) 2020/2242 staðfesti Breska konungsríkið enn fremur frekari uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu innan þeirra svæða sem þar var komið á sem aðtti einnig að endurspeglast í reglugerð (EB) nr. 798/2008.
- 6) Því aðtti að breyta færslunni fyrir Breska konungsríkið í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til að taka tillit til númerandi faraldsfræðilegra aðstæðna í þessu þriðja landi.
- 7) Þar eð svæðaskiptingin fyrir Breska konungsríkið varðandi þessar uppkomur var sett fram þegar löggjöf Sambandsins gilti um landið í samræmi við útgöngusamninginn hefði verndaráðstöfunum í tengslum við uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu, sem voru staðfestar á árinu 2020, par að auki verið aflétt 30 dögum eftir staðfestinguna. Því þykir rétt að tilgreina þessar dagsetningar þannig að frá og með þessum dagsetningum megi líta aftur á svæði, sem sættu takmörkunum vegna uppkoma sem voru staðfestar á árinu 2020, sem laus við alvarlega fuglainflúensu og leyfa aðtti aftur innflutning til Sambandsins og umflutning um Sambandið á tilteknunum alifuglavörum sem eru upprunnar á þessum svæðum.
- 8) Því aðtti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastaneftdarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

Ursula VON DER LEYEN

(¹) Stjóð. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(²) Stjóð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

(³) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagssins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýrafurðir (Stjóð. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

(⁴) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2205 frá 22. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendu krúnumnar Guernsey í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem innflutningur á sendungum af alifuglum og alifuglavörum til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið er leyfður (Stjóð. ESB L 438, 28.12.2020, bls. 11).

(⁵) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1742 frá 20. nóvember 2020 um tilteknar verndarráðstafanir í tengslum við alvarlega fuglainflúensu af undirgerð H5N8 í Breska konungsríkinu (Stjóð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 60).

(⁶) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2240 frá 23. desember 2020 um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1742 um tilteknar verndarráðstafanir í tengslum við alvarlega fuglainflúensu af undirgerð H5N8 í Breska konungsríkinu (Stjóð. ESB L 436, 28.12.2020, bls. 34).

(⁷) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2242 frá 23. desember 2020 um tilteknar verndarráðstafanir í tengslum við alvarlega fuglainflúensu af undirgerð H5NI í Breska konungsríkinu (Stjóð. ESB L 436, 28.12.2020, bls. 69).

VÍDAUKI

Í stað færslunnar fyrir Breska konungsríkið í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 kemur eftirfarandi:

„GB – Breska konungsríkið (¹)	GB-0	Landið allt	SPF EP, E						
	GB-1	Breska konungsríkið, landið allt að undanskildu svæði GB-2	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20 WGM POU, RAT	N			A		
	GB-2	Yfirráðasvæði Breska konungsríkisins sem samsvarar:							
	GB-2.1	Norður Yorkshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N54.30 og W1.47	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20 WGM POU, RAT	N P2	1.1.2021	6.1.2021	A		
	GB-2.2	Norður Yorkshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N54.29 og W1.45	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20 WGM POU, RAT	N P2	1.1.2021	8.1.2021	A		
	GB-2.3	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	N P2	1.1.2021	10.1.2021	A		

		miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N52.49 og E0.95	WGM POU, RAT	P2 N P2	1.1.2021 1.1.2021	10.1.2021 10.1.2021			
GB-2.4	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N52.72 og E0.15	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	11.1.2021	A		
		WGM		P2	1.1.2021	11.1.2021			
		POU, RAT		N P2	1.1.2021	11.1.2021			
GB-2.5	Derbyshire- sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N52.93 og W1.57	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	17.1.2021	A		
		WGM		P2	1.1.2021	17.1.2021			
		POU, RAT		N P2	1.1.2021	17.1.2021			
GB-2.6	Norður Yorkshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N54.37 og W2.16	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	19.1.2021	A		
		WGM		P2	1.1.2021	19.1.2021			
		POU, RAT		N P2	1.1.2021	19.1.2021			
GB-2.7	Orkneyjar: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N59.28 og W2.44	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	20.1.2021	A		
		WGM		P2	1.1.2021	20.1.2021			
		POU, RAT		N P2	1.1.2021	20.1.2021			
GB-2.8	Dorset-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N51.06 og W2.27	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	20.1.2021	A		
		WGM		P2	1.1.2021	20.1.2021			
		POU, RAT		N P2	1.1.2021	20.1.2021			
GB-2.9	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N52.52 og E0.96	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	23.1.2021	A		
		WGM		P2	1.1.2021	23.1.2021			
		POU, RAT		N P2	1.1.2021	23.1.2021			
GB-2.10	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	28.1.2021	A		

		miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N52.52 og E0.95	WGM POU, RAT	P2 N P2	1.1.2021 1.1.2021	28.1.2021 28.1.2021			
GB-2.11	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10,4 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N52.53 og E0.66	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	7.2.2021	A		
		WGM		P2	1.1.2021	7.2.2021			
		POU, RAT		N P2	1.1.2021	7.2.2021			
GB-2.12	Devon-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radius með miðpunkt í WGS84- hnitunum (tugabrot) N50.70 og W3.36	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N P2	1.1.2021	31.1.2021	A		
		WGM		P2	1.1.2021	31.1.2021			
		POU, RAT		N P2	1.1.2021	31.1.2021			

(*!) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsriksins Stóra-Bretlands og Norður-Ílands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka viðanir til Breska konungsriksins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Ílands.“

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2021